2016	153	5	0	0
2017	70	10	0	0
2018	181	18	0	0
2019	155	11	0	0
2020	234	23	0	0
2021 f. hl.	150	12	0	0
2021 s. hl.	168	6	0	0
2022 f. hl.	149	11	0	0
2022 s. hl.	80	4	0	0
2023 f. hl.	215	18	0	0
2023 s. hl.	105	18	0	0
2024	285	21	0	0

*¹ H5 jákvætt. Lítil meinvirkni. Engin klínísk einkenni.

Tafla 35 Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. fuglainflúensuveira á alifuglabúum (PCR-greiningar)

Ár	Fjöldi alifugla	Fjöldi Búa/alifuglahópa	Fjöldi jákvæðra sýna	Fjöldi jákvæðra búa
2022 f.hl.	5	1	0	0
2022 s.hl.	6	1	0	0
2023	5	1	0	0
2024	716	14	4	1

Tafla 36 Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. fuglainflúensuveira í heimilisalifuglum og í öðrum fuglum í haldi (PCR-greiningar)


Ár	Fjöldi fugla	Fjöldi búa	Fjöldi jákvæðra sýna	Fjöldi jákvæðra búa
2011	104	5	2 ^{*1}	-
2012	60	3	3 ^{*2}	-
2014	100	5	8 ^{*3}	-
2015	81	4	7 ^{*3}	-
2016	80	4	0	0
2017	3	2	0	0
2018	55	6	0	0
2022 f.hl.	15	10	1	1
2022 s.hl.	1	1	0	0
2023	6	2	0	0
2024	1	1	0	0

*¹ 1 x InfA CT36, 1 x InfA CT42, H5 neikvætt.*² InfA CT>40, H5 neikvætt.*³ Neikvætt fyrir H5 og H7

Tafla 37. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. fuglainflúensu í villtum fuglum (PCR-greiningar)

Ár	Fjöldi villtra fugla	Fjöldi staða	Fjöldi jákvæðra sýna
2006	1093	-	1 ^{*1}
2007	465	-	0
2008	375	-	2 ^{*2}
2009	411	-	1 ^{*3}
2010	205	-	4 ^{*3}
2010/11	1078 ^{*4}	-	29 ^{*5}
2017	214	-	0
2018	21	6	0
2019	2	1	0
2020	9	8	0
2021 f.hl.	15	11	0
2021 s.hl.	2	2	0
2022 f.hl.	118	81	28
2022 s.hl.	49	33	26
2023 f.hl.	51	-	1
2023 s.hl.	17	-	7
2024	96	-	19

*¹ H5 jákvætt*² H5 og H7 neikvætt.*³ H5 neikvætt*⁴ Sýni tekin í tengslum við rannsókn á vegum US National Wildlife Health Centre og Náttúrustofu Suðurlands.*⁵ H2N5, H3N6, H4N8, H5N2, H6N5, H6N8, H10N5, H11N2, H16N3[Nánari upplýsingar um rannsóknir vegna fuglaflensu í villtum fuglum.](#)



6. Fiskar

6.1. Veirublæði (VHS - *Viral haemorrhagic septicaemia*)

Veirublæði í fiskum var í fyrsta sinn staðfest hér á landi haustið 2015 þegar veiran greindist í líffærum villtra hrognkelsa sem veidd voru til undaneldis í Breiðafirði síðla sumars. Við staðfestingu og raðgreiningu á arfgerð VHS-veirunnar var haft náið samstarf við tilvísunarrannsóknastofu ESB í fisksjúkdómum í Kaupmannahöfn með skilvirkri milligöngu sérfræðinga okkar í veirusjúkdómum á Rannsóknadeild fisksjúkdóma á Keldum. Veiran hefur fundist í yfir 80 tegundum fiska um allan heim og er henni skipt í fjóra undirflokkka: Arfgerð I hefur fundist í ferskvatni í Evrópu og eins í Kattegat, Skagerak, Eystrasalti, Ermasundi og víðar. Arfgerð II hefur fundist í Eystrasalti. Arfgerð III hefur tíðum verið greind í N-Atlantshafi; Norðursjó, Skagerak og Kattegat. Arfgerð IV hefur greinst bæði í ferskvatni og sjó í N-Ameríku, Japan og Kóreu. Í byrjun þótti lang líklegast að VHS-veiran úr íslensku hrognkelsunum væri af arfgerð III, en í raun hefði sú niðurstaða ekki verið sérlega hagstæð. Það var einmitt af þeirri arfgerð sem VHS-veiran var sem kom upp í regnbogaeldi í sjókvíum í Storfjorden í Noregi 2007 sem endaði með að öllu var fargað hjá fyrirtækinu. Arfgerð III greindist einnig í wrasse (leppefisk) í Skotlandi veturinn 2012/2013 og setti allt á hvolf við Shetlandseyjar um tíma (Skotar nota mikið wrasse sem hreinsifisk á laxalús og höfðu dreift þeim fiski víða í sjókvíar með laxi þegar veiran greindist). Jafnframt óttuðust menn allra helst arfgerð I, en sú undirtegund hefur hvað oftast valdið usla í fiskeldi, ekki síst í eldi regnbogasilungs. Það kom síðan á daginn, fremur óvænt, að íslenska veiran var af arfgerð IV, sem hefur greinst í norður Ameríku (meðal annars í The Great Lakes) og við Japan/Kóreu. Segja má að niðurstaðan hafi fallið á allra besta veg sem staðfestir mjög svo sjaldgæfa arfgerð hér á okkar slóðum og líklega erum við að kljást við afar hýsilsérhæfða arfgerð sem eingöngu finnst í hrognkelsum. Arfgerð IV hefur mögulega aldrei fundist áður á okkar hafsvæðum og sérfræðingar hafa lagt til að búinn verði til nýr sérstakur undirflokkur sem kallast arfgerð Ivd.

Veirublæði er tilgreint í 2. grein reglugerðar um tilkynningar- og skráningarskylda sjúkdóma nr. 52/2014. Ísland hefur um árabil haft formlega staðfestingu Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um að allt landið sé viðurkennt sem laust við þennan veirusjúkdóm, en síðla árs 2015 missti landið þessa vottun eftir að veiran greindist í líffærum villtra hrognkelsa. Strax í byrjun árs 2016 var ráðist í að afla nýrrar vottunar, en slík vottun er sérlega mikilvæg kynbótastöðvum svo tryggja megi óheftan útflutning erfðaefnis. Í kjölfar sýnatöku og umsóknar var vottun í höfn 2. maí 2016. Til að viðhalda þeirri stöðu þarf að taka ákveðinn fjölda sýna ár hvert og hefur ESA samþykkt með formlegum hætti þá eftirlitsáætlun sem notuð er. Í töflum hér að neðan má sjá yfirlit yfir sýni sem rannsökuð hafa verið frá árinu 1985.

6.2. Iðradrep (IHN - *Infectious Haematopoietic Necrosis*)

Iðradrep í fiskum hefur aldrei greinst hér á landi. Reglubundnar sýnatökur hafa verið stundaðar síðan 1985. Iðradrep er tilgreint í 2. grein reglugerðar um tilkynningar- og skráningarskylda sjúkdóma nr. 52/2014. Þá hefur Ísland öðlast staðfestingu Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) á að allt landið sé viðurkennt sem laust við þennan veirusjúkdóm. Til að viðhalda þeirri stöðu þarf að taka ákveðinn fjölda sýna ár hvert og hefur ESA samþykkt með formlegum hætti þá eftirlitsáætlun sem notuð er. Í töflum hér að neðan má sjá yfirlit yfir sýni sem rannsökuð hafa verið frá árinu 1985.

6.3. Brisdrep (IPN - *Infectious Pancreatic Necrosis*)

IPN-veira var í fyrsta sinn staðfest í laxi hér á landi haustið 2019, en áður hafði veira af sama uppruna verið staðfest í lúðu árið 1999. Veiran uppgötvaðist með nokkuð óvæntum hætti í kjölfar sýnatöku við reglubundið innra eftirlit á Austfjörðum, en sýni voru tekin með slembiúrtaki úr laxeldiskví án nokkurra grunsemda. Laxinn í kvení, líkt og í öðrum sjókvím í firðinum, var heilbrigður og hafði verið í mjög góðum vexti frá útsetningu í byrjun júní og afföll hverfandi. Hér á landi er sjúkdómurinn brisdrep tilkynningaskyldur, en sú skilgreining á þó ekki við þegar einungis greinist veiruaufbrigði sem ekki veldur sjúkdómseinkennum. Hjá flestum nágrannaþjóðum og í löggjöf ESB og Alþjóða dýraheilbrigðis-stofnunarinnar (OIE) er brisdrep ekki tilkynningaskyldt. IPN-veiran tilheyrir *Birnaviridae*-fjölskyldunni og er hægt að greina í arfgerðir sem eru mis meinvirkar. Klínískur sjúkdómur og afföll eru algengust í eldi smáseiða í ferskvatni og í stálpuðum seiðum sem flutt eru smituð úr seiðastöð í sjókvíar. Þekkt er að eldri fiskur í sjó geti tekið smit úr umhverfi án þess að sýna sjúkleg einkenni. Segja má að formleg staða Íslands sé nú komin í flokk með Ástralíu og Nýja-Sjálandi. Í þeim löndum hefur veiran einungis verið greind í sjó, en aldrei í ferskvatni. Bæði þessi lönd eru alþjóðlega skilgreind sem "IPN-free country". Umfangsmiklar sýnatökur hafa verið stundaðar í klak- og seiðastöðvum hér á landi síðan 1985 og sýna niðurstöður með skýrum hætti að aldrei hefur vaknað grunsemd um IPN-veiruna í ferskvatnseldi. Niðurstöður raðgreiningar sýndu að veiran var af þeirri arfgerð sem ekki veldur sjúkdómi í laxi. Sú niðurstaða var í fullu samræmi við hegðun veirunnar, en aldrei sáust klínísk einkenni eða afföll og laxinn hefur allan tímann verið heilbrigður. Í töflu hér að neðan má sjá yfirlit yfir fjölda greindra sýna, annars vegar með hjálp frumulína frá 1985 (EPC, BF-2 og CHSE-214) og hins vegar með RT-qPCR aðferð sem hófst 2010.

Tafla 38. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. VHS, IHN og IPN (ásamt ISA, EHN og OM) (frumulínur)

Ár	Fjöldi fiska	Fjöldi eldisstöðva	Fjöldi jákvæðra sýna	Fjöldi jákvæðra eldisstöðva
1985	1.214	-	0	0
1986	5.591	-	0	0
1987	9.121	-	0	0
1988	10.503	-	0	0
1989	4.854	-	0	0
1990	6.831	-	0	0
1991	5.603	-	0	0
1992	2.763	-	0	0
1993	949	-	0	0
1994	610	16	0	0
1995	775	18	0	0
1996	601	17	0	0
1997	945	21	0	0
1998	806	19	0	0
1999	860	17	0	0
2000	696	15	0	0
2001	706	15	0	0
2002	533	12	0	0
2003	885	13	0	0
2004	1.109	16	0	0
2005	725	13	0	0
2006	524	13	0	0
2007	669	16	0	0
2008	812	15	0	0
2009	963	15	0	0
2010	1.220	13	0	0
2011	310	12	0	0
2012	335	12	0	0
2013	394	12	0	0
2014	432	12	0	0
2015	753	13	-	1* ¹
2016	1.155	12	0	0
2017	1.127	12	0	0
2018	966	12	0	0
2019	1.178	13	-	1* ²
2020	1.509	11	0	0
2021	1.046	13	0	0
2022	935	12	0	0
2023	1.002	11	0	0

*¹ VHS-veiran greindist í hrognkelsum af villtum uppruna í einni eldisstöð haustið 2015.*² IPN-veiran greindist í laxi í einni sjókvíaeldisstöð haustið 2019 (afbrigði sem veldur ekki klínískum sjúkdómi).

Tafla 39. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. veirublæði (VHS) (qPCR)

Ár	Fjöldi fiska	Fjöldi eldisstöðva	Fjöldi jákvæðra sýna	Fjöldi jákvæðra eldisstöðva
2016	462	5	0	0
2017	614	5	0	0
2018	1.094	5	0	0
2019	931	5	0	0
2020	1.253	4	0	0
2021	637	3	0	0
2022	802	7	0	0
2023	1.944	7	0	0
2024	1.788	13	0	0

Tafla 40. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. iðradreps (IHN) (qPCR)

Ár	Fjöldi fiska	Fjöldi eldisstöðva	Fjöldi jákvæðra sýna	Fjöldi jákvæðra eldisstöðva
2017	22	2	0	0
2018	636	3	0	0
2019	228	3	0	0
2020	481	3	0	0
2021	209	3	0	0
2022	183	6	0	0
2023	583	4	0	0
2024	1.268	13	0	0

Tafla 41. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. brisdreps (IPN) (qPCR)

Ár	Fjöldi fiska	Fjöldi eldisstöðva	Fjöldi jákvæðra sýna	Fjöldi jákvæðra eldisstöðva
2010	928	4	0	0
2011	3.450	4	0	0
2012	1.992	3	0	0
2013	332	2	0	0
2014	0	0	0	0
2015	2.570	2	0	0
2016	784	2	0	0
2017	2.030	2	0	0
2018	1.459	6	0	0
2019	912	6	-	1 ^{*1}
2020	1.355	5	0	0
2021	2.422	10	-	1 ^{*1}
2022	5.751	11	0	0
2023	4.719	9	0	0
2024	3.933	16	0	0

^{*1} IPN-veiran greindist í laxi í einni sjókvíaeldisstöð haustið 2019 og aftur vorið 2021 (afbrigði sem veldur ekki sjúkdómi).

6.4. Taugadrep (VNN - *Viral Nervous Necrosis*)

Taugadrep í fiskum hefur aldrei greinst hér á landi. Reglubundnar sýnatökur hafa verið stundaðar síðan 2000. Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir sýni sem rannsökuð hafa verið frá árinu 2000.

Tafla 42. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. taugadreps (VNN)

Ár	Fjöldi fiska	Fjöldi eldisstöðva	Fjöldi jákvæðra sýna	Fjöldi jákvæðra eldisstöðva
2000	45	1	0	0
2001	140	1	0	0
2002	75	1	0	0
2003	90	1	0	0
2004	90	1	0	0
2005	30	1	0	0
2006	30	1	0	0
2007	30	1	0	0
2008	30	1	0	0
2009	30	1	0	0
2010	32	1	0	0

Eldi lúðulirfa var hætt árið 2011.

6.5. Blóðþorri (ISA – *Infectious Salmon Anaemia*)

Blóðþorri var í fyrsta sinn staðfestur í eldislaxi í sjókví í Reyðarfirði í lok nóvember 2021 og síðan aftur hjá sama rekstraraðila í Berufirði vorið 2022. ISA-veiran tilheyrir influensaveirum af fjölskyldunni *Orthomyxoviridae* og býr yfir flestum þeim eiginleikum influensaveira sem við þekkjum frá bæði spendýrum og fuglum (stundum einnig kölluð laxaflensa). Þekkt eru tvö afbrigði ISA-veirunnar. Annað er meinvirkt og veldur misalvarlegri sýkingu og afföllum (ISA-del), en hitt er góðkynja afbrigði sem aldrei veldur sjúkdómi eða tjóni (ISA-HPRO). Faraldsfræðilegar rannsóknir hafa sýnt að góðkynja afbrigði veirunnar er mun útbreiddara en áður var talið og finnst að öllum líkindum alls staðar í umhverfi laxa, bæði hjá villtum laxi og í eldisumhverfi. Lengi hefur legið fyrir og staðfest að hið góðkynja afbrigði veirunnar er til staðar hér á landi og hefur eflaust fylgt laxi frá örófi alda. Þess ber einnig að geta að klínísk einkenni hafa aldrei verið staðfest í villtum laxi á heimsvísu, jafnvel þó hin meinvirka gerð veirunnar (ISA-del) hafi verið einangruð úr slíkum fiski. Sérfræðingum ber saman um að hið meinvirka afbrigði verði til við stökkbreytingu á hinu meinlausa afbrigði. Slíkar stökkbreytingar eru afar sjaldgæfar, en árleg áhætta á sýkingu með stökkbreyttu meinvirku afbrigði hefur verið reiknað til 0,7% fyrir dæmigert sjókvíaeldissvæði. ISA-veiran uppgötvaðist við krufningu og sýnatöku í kjölfar vaxandi óútskýrðra affalla í einni stakri kví.. Öllum laxi á viðkomandi sjókvíaeldissvæðum var slátrað og firðirnir settir í minnst 90 daga eldishvöld. Frá því fyrsta tilfelli blóðþorra var staðfest í Noregi árið 1984 hefur veiran einnig valdið klínískum sjúkdómi hjá fjölmörgum öðrum laxeldisþjóðum. Næstu greiningar áttu sér stað í Kanada (1996), Skotlandi (1998), Færeyjum (2000), USA (2001), Chíle (2001) og Írlandi (2002).

Reglubundnar sýnatökur til greiningar með RT-qPCR aðferð hófust vorið 2009. Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir sýni sem rannsökuð hafa verið frá því ári. Skimun gegn veirunni með hjálp sérhæfðra frumulína (CHSE-214) hafði átt sér stað í fjölda ár þar á undan.

Tafla 43. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. blóðþorra (ISA) (qPCR)

Ár	Fjöldi fiska	Fjöldi eldisstöðva	Fjöldi jákvæðra ISA HPR0 sýna	Fjöldi jákvæðra ISA HPR-del eldisstöðva
2009	2.764	2	48	0
2010	4.644	4	56	0
2011	8.206	3	67	0
2012	8.230	3	52	0
2013	10.777	3	118	0
2014	10.355	5	60	0
2015	14.151	8	49	0
2016	13.427	8	39	0
2017	13.296	8	31	0
2018	10.817	8	55	0
2019	7.391	8	12	0
2020	7.078	8	4	0
2021	8.403	12	21	1
2022	17.222	21	50	1
2023	14.239	20	33	0
2024	15.359	23	8 (4 stöðvar)	0

6.6. Brisveiki (PD/SAV – *Pancreas Disease*)

Brisveiki hefur aldrei greinst hér á landi. Brisveiki er tilgreind í 3. grein reglugerðar um tilkynningar- og skráningarskylda sjúkdóma nr. 52/2014, en verður að öllum líkindum færð í 2. grein við næstu breytingu. Þessi veirusjúkdómur leggst eingöngu á laxfiska í sjó og hefur valdið gífurlegu tjóni hjá vel flestum fiskeldisþjóðum. Síauknar kröfur eru gerðar til skimunar á veirusjúkdómum svo viðhalda megi útflutningsleyfi á laxahrognum og frá og með 2009 hafa nokkur lönd sett það sem skilyrði að allur foreldrafiskur sé skimaður og sýni greind með hjálp Real-time qPCR. Reglubundnar og sérhæfðar sýnatökur til greiningar á brisveiki með RT-qPCR aðferð hófust vorið 2009, sjá töfluna hér að neðan.

Tafla 44. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. brisveiki (PD/SAV) (qPCR)

Ár	Fjöldi fiska	Fjöldi eldisstöðva	Fjöldi jákvæðra sýna	Fjöldi jákvæðra eldisstöðva
2009	1.908	2	0	0
2010	4.504	2	0	0
2011	8.206	3	0	0
2012	7.530	2	0	0
2013	8.506	2	0	0
2014	8.772	2	0	0
2015	9.247	4	0	0
2016	5.644	3	0	0
2017	5.074	4	0	0
2018	7.390	5	0	0
2019	4.488	6	0	0
2020	4.323	5	0	0
2021	3.437	11	0	0
2022	3.362	10	0	0
2023	3.447	6	0	0
2024	3.196	5	0	0

6.7. Hjartarof (CMS/PMCV – *Cardio Myopathy Syndrome/Piscine Myocarditis Virus*)

Hjartarof hefur aldrei greinst hér á landi. Hjartarof er í núgildandi löggjöf ekki með á listum yfir tilkynningarskylda sjúkdóma, en mun að öllum líkindum verða skilgreindur sem alvarlegur tilkynningarskyldur sjúkdómur við næstu breytingu. Veiran sem veldur hjartarofi, (*Piscine Myocarditis Virus* - PMCV) var í fyrsta sinn skilgreind í lok árs 2010 og eftir það hófst þróun sértækra greiningaraðferða. Sjúkdómurinn var fyrst þekktur í Noregi árið 1985 en síðar meir einnig í öðrum löndum eins og Skotlandi, Færeyjum og Kanada og orðið æ ágengari og valdið miklu tjóni. Þessi veirusjúkdómur leggst eingöngu á Atlantshafslax en veiran hefur einnig fundist í gulllaxi. Fisksjúkdómayfirvöld í Síle tóku þá ákvörðun síðla sumars 2013 að skilgreina veiruna sem framandi og færðu sjúkdóminn í efsta áhættuflokk. Til að viðhalda útflutningsleyfi á laxahrognum til Síle var það sett sem skilyrði að allur foreldrafiskur sé skimaður. Reglubundnar og sérhæfðar sýnatökur til greiningar á hjartarofi með RT-qPCR aðferð hófust í ágúst 2013, sjá töfluna hér að neðan.

Tafla 45. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. hjartarofs (CMS) (qPCR)

Ár	Fjöldi fiska	Fjöldi eldisstöðva	Fjöldi jákvæðra sýna	Fjöldi jákvæðra eldissýna
2013	908	3	0	0
2014	4.854	6	0	0
2015	3.369	7	0	0
2016	1.689	7	0	0
2017	3.094	5	0	0
2018	6.497	6	0	0
2019	3.286	5	0	0
2020	3.233	3	0	0
2021	2.708	4	0	0
2022	3.083	5	0	0
2023	2.747	5	0	0
2024	2.662	5	0	0

6.8. Hjarta- og vöðvabólga (HSMI – *Heart and skeletal muscle inflammation*)

Veiran sem veldur hjarta- og vöðvabólgu, Piscine reovirus (PRV), hefur sýnt sig að vera afar útbreidd hér á landi sem og annars staðar í heiminum, bæði í eldislaxi og í villtum laxi. Nokkuð reglubundnar sýnatökur til greiningar með Real-time RT-PCR aðferð hófust árið 2015, en forkannanir höfðu átt sér stað frá árinu 2011. Hjarta- og vöðvabólga er í raun tilgreind í 3. grein reglugerðar um tilkynningar- og skráningarskylda sjúkdóma nr. 52/2014 undir heitinu blóðfrumuveirusótt (EIBS) sem lengi var notað áður en ný og nákvæm skilgreining átti sér stað. Veirunni, eins og við þekkjum hana í dag, var í fyrsta sinn lýst í Noregi árið 1999 en hún var ekki skilgreind í þaula fyrr en 2010. Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir sýni sem rannsökuð hafa verið frá árinu 2011.

Tafla 46. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. hjarta- og vöðvabólgu (HSMI/PRV) (qPCR)

Ár	Fjöldi fiska	Fjöldi eldisstöðva	Tíðni jákvæðra sýna
2011	60	1	0 - 100%
2013	60	3	0 - 100%
2015	567	6	0 - 100%
2016	840	6	0 - 70%
2017	2.707	5	0 - 60%
2018	2.385	4	31%
2019	2.116	5	1,1%
2020	3.482	8	4,1%
2021	3.694	10	5,6%
2022	6.118	25	14,6%
2023	7.174	28	12,8%
2024	4.935	25	4,9%

6.9. Laxapox (SGP – *Salmon Gill Pox*) (qPCR)

Veiran sem veldur laxapox, Salmon gill pox virus (SGPV), hefur sýnt sig að vera afar útbreidd hér á landi sem og annars staðar í heiminum, bæði í eldislaxi og í villtum laxi. Sjúkdómnum sem veiran veldur var í fyrsta sinn lýst í eldislaxi í Noregi árið 1995, en hún var ekki skilgreind með hjálp raðgreiningar fyrr en 2015. Einkennalausir smitberar eru ákveðið vandamál og miðað við útbreiðslu og hegðun veirunnar er líklegt að hún sé alls staðar þar sem lax er að finna. Hér á landi greinist þessi veira bæði í villtum laxi og eldislaxi, bæði í fersku vatni og sjó. Eldisumhverfi hefur afgerandi áhrif á hvort klínískur sjúkdómur brýst út eða ekki. Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir sýni sem rannsökuð hafa verið frá árinu 2017.

Tafla 47. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. laxapox (SGP) (qPCR)

Ár	Fjöldi fiska	Fjöldi eldisstöðva	Tíðni jákvæðra sýna
2017	52	5	38%
2018	450	4	1,3%
2019	1.388	5	11,2%
2020	1.531	8	4,3%
2021	1.888	13	6,6%
2022	3.314	14	13,2%
2023	3.943	16	7,5%
2024	3.785	14	9,0%

6.10. Rauðmunnaveiki (ERM – *Enteric Redmouth Disease*)

Bakterían sem veldur rauðmunnaveiki, *Yersinia ruckeri*, er mjög útbreidd í náttúrunni á veraldarvísu. Fyrsta greining átti sér stað í laxaseiðum í Hvalfirði árið 1990 og síðan verður bakteríunnar vart öðru hvoru, ekki síst í laxi af villtum uppruna. Reglubundnar sýnatökur til greiningar með RT-qPCR aðferð hófust úr undaneldisfiski í kynbótastöðvum árið 2015.

Tafla 48. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. rauðmunnaveiki í kynbótastöðvum (ERM) (qPCR)

Ár	Fjöldi fiska	Fjöldi eldisstöðva	Fjöldi jákvæðra sýna	Fjöldi jákvæðra eldisstöðva
2015	31	2	0	0
2016	496	2	0	0
2017	1.263	2	0	0
2018	1.444	2	0	0
2019	943	2	0	0
2020	1.235	2	0	0
2021	2.214	2	0	0
2022	3.811	4	0	0
2023	2.108	3	0	0
2024	1.519	3	0	0

6.11. Piskirikkettsíuveiki (Salmon Rickettsial Septicemia)

Tafla 49. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. piskirikkettsíuveiki

Ár	Fjöldi fiska	Fjöldi eldisstöðva	Fjöldi jákvæðra sýna	Fjöldi jákvæðra eldisstöðva
2024	220	2	0	0

6.12. Roðflyðrusýki (*Gyrodactylus salaris*)

Tafla 50. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. roðflyðrusýki

Ár	Fjöldi fiska	Fjöldi eldisstöðva	Fjöldi jákvæðra sýna	Fjöldi jákvæðra eldisstöðva
2024	25	3	0	0

6.13. Nýrnaveiki (BKD - *Bacterial Kidney Disease*)

Nýrnaveiki kemur upp í stöku tilfelli í eldisfiski og getur valdið miklu tjóni. Nýrnaveikibakterían er afar útbreidd í náttúrunni og dulið smit leynist víða í villtum laxfiskum, bæði í ám og vötnum. Mikilvægt er að eldisstöðvar stundi markvissar smitvarnir sem m.a. felast í því að forðast öll tengsl við villtan fisk, t.d. í gegnum vatnstöku. Reglubundnar sýnatökur hafa verið stundaðar síðan 1985 (ELISA og qPCR), sjá töflur hér að neðan.

Tafla 51. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. nýrnaveiki í eldisfiski (BKD) (qPCR)

Ár	Fjöldi fiska	Fjöldi eldisstöðva	Fjöldi jákvæðra sýna	Fjöldi jákvæðra eldisstöðva
1991	435	12	0	0
1992	558	13	-	1
1993	453	14	-	1
1994	522	12	-	4
1995	431	8	-	1
1996	594	8	0	0
1997	337	10	0	0
1998	362	8	-	1
1999	316	7	0	0
2000	361	6	0	0
2001	312	6	0	0
2002	357	7	-	1
2003	713	6	-	1
2004	1.306	8	-	3
2005	2.052	16	-	3
2006	3.048	19	-	4
2007	3.169	16	-	1
2008	3.134	11	0	0
2009	3.930	19	0	0
2010	2.839	12	0	0
2011	1.006	11	-	2
2012	1.399	12	0	0
2013	1.316	10	0	0
2014	1.985	13	-	2
2015	1.994	12	0	0
2016	1.393	18	-	3
2017	3.800	23	-	2
2018	5.550	25	-	1
2019	5.464	21	0	0
2020	5.196	21	0	0
2021	3.790	26	-	1
2022	4.567	23	0	0
2023	5.326	25	1	1
2024	6.204	30	-	4

Tafla 52. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. nýrnaveiki í villtum laxi sem tekinn er úr ám til undaneldis (BKD) (ELISA)

Ár	Fjöldi fiska	Fjöldi áa	Fjöldi jákvæðra sýna	Fjöldi jákvæðra áa
1991	569	49	8	5
1992	470	55	13	8
1993	403	50	3	3
1994	333	38	2	2
1995	349	38	4	2
1996	253	38	1	1
1997	407	45	0	0
1998	291	37	0	0
1999	240	40	0	0
2000	242	38	1	1
2001	602	38	1	1
2002	530	49	3	2
2003	827	50	4	2
2004	1.279	51	35	6
2005	1.160	48	7	1
2006	1.359	52	157	26
2007	1.757	54	174	32
2008	1.775	48	463	35
2009	1.370	44	340	33
2010	905	38	87	15
2011	929	33	97	20
2012	620	25	38	10
2013	664	29	23	16
2014	625	24	143	6
2015	639	18	13	4
2016	767	14	27	3
2017	863	14	16	4
2018	666	15	39	9
2019	543	15	5	3
2020	728	18	10	4
2021	797	17	16	6
2022	634	21	6	4
2023	665	22	15	4
2024	592	18	19	4



7. Skelfiskur

7.1. Marteilíuveiki (*Martelia refringens*)

Ekki er vitað til að *Martelia refringens* finnist í kræklingi (*Mytilus edulis*) við strendur landsins. Einfrumungurinn *Martelia* er þekktur fyrir að leggjast á ýmsar tegundir skeldýra s.s. ostrur, en þó ekki á Kyrrahafsostru sem var á árunum 2013 - 2020 ræktuð í Skjálfandaflóa (sjá undir 8.2.). Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir sýni sem rannsökuð hafa verið úr kræklingi frá árinu 2010. Samkvæmt áhættumati er ekki nauðsynlegt að taka sýni árlega, en þau eru tekin með einhverju ára millibili og þá helst á þeim svæðum sem eru í ræktun hverju sinni.

Tafla 53. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. marteilíuveiki í skeldýrum

Ár	Fjöldi skeldýra	Fjöldi svæða	Fjöldi jákvæðra sýna	Fjöldi jákvæðra svæða
2010	60	2	0	0
2011	30	1	0	0
2015	30	Villt ^{*1}	0	0
2016	30	Villt ^{*1}	0	0
2017	60	Villt ^{*2}	0	0
2020	60	Villt og ræktuð ^{*3}	0	0

^{*1} Hvalfjörður

^{*2} Hvalfjörður og Breiðafjörður (2x30)


^{*3} Breiðafjörður og Steingrímsfjörður (2x30)

7.2. Perkinsusveiki (*Perkinsus marinus*), Microcytosveiki (*Microcytos mackini*) og Sumarveiki í ostrum (*Haplosporidium* spp.)

Kyrrahafsostra (*Crassostrea gigas*) var í fyrsta sinn flutt til landsins til áframræktunar sumarið 2013. Tilraunaræktun hefur staðið yfir hjá einu fyrirtæki í Skjálfandaflóa sem árlega allt fram til ársins 2018 hefur fengið heimild til að flytja inn ingviði frá viðurkenndri kynbótastöð á NV-Spáni. Árið 2019 hafnaði hins vegar Umhverfisstofnun öllum frekari innflutningi á ostrum og fyrirséð er að ofangreind ræktun leggist af innan nokkurra ára. Ofangreindir einfrumungar geta lagst á ostrur, en þeir hafa aldrei greinst hér við land. Skimun hófst árið 2018 og í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir sýni sem rannsökuð hafa verið úr ostrum frá þeim tíma. Ræktun ostra hefur lagst af og allri reglubundinni skimun þar með hætt.

Tafla 54. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. microcytosveiki, perkinsusveiki og sumarveiki í ostrum

Ár	Fjöldi skeldýra	Fjöldi svæða	Fjöldi jákvæðra sýna	Fjöldi jákvæðra svæða
2018	41	1	0	0



8. Aliminkar

8.1. Plasmacytósa (Plasmacytosis)

Plasmacytósa hefur greinst nokkrum sinnum hér á landi, síðast árið 2008. Sýnatökur hafa verið stundaðar í fjölda ára en þær voru bundnar í reglugerð árið 2007. Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir sýni sem rannsökuð hafa verið frá árinu 2006.

Tafla 55. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. plasmacytosis í minkum

Ár	Fjöldi minka	Fjöldi búa	Fjöldi jákvæðra sýna	Fjöldi jákvæðra búa
2006	2.731	21	0	0
2007	3.220	22	0	0
2008	3.153	21	3	1
2009	3.201	21	0	0
2010	3.235	20	0	0
2011	3.999	22	0	0
2012	3.822	22	0	0
2013	4.486	27	0	0
2014	4.703	29	0	0
2015	-	-	0	0
2016	4.160	30	0	0
2017	3.346	22	0	0
2018	2.643	15	0	0
2019	1.385	-	0	0
2020	1.020	7	0	0
2021	1.833	9	0	0
2022 f.hl.	993	8	0	0
2022 s.hl.	794	8	0	0
2023	1527	8	1 ^{*1}	1 ^{*1}
2024	546	5	0	0

^{*1} Engin klínísk né meinafræðileg einkenni. Endurtekin sýnataka og viðbótarsýni neikvæð. Talin vera fölsk jákvæð niðurstaða.

8.2. SARS-CoV-2 (Covid-19)

SARS-CoV-2 veiran sem veldur Covid-19 sjúkdómnum í fólki greindist fyrst í desember 2019 í Kína. Smit milli fólks og dýra hefur verið staðfest, sérstaklega meðal aliminka, auk þess eru nokkur dæmi um smit aftur frá minkum í fólk. Veiran hefur greinst í minkum í 10 löndum. Skimað var fyrir veirunni á öllum minkabúum á Íslandi í nóvember 2020 og aftur í desember.

Tafla 56. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. SARS-CoV-2 í minkum

Ár	Fjöldi minka	Fjöldi búa	Fjöldi jákvæðra sýna	Fjöldi jákvæðra búa
2020	125	9	0	0



9. Hundar

9.1. Echinococcus granulosus

Sullaveikiormurinn *Echinococcus granulosus* hefur ekki greinst í dýrum hér á landi síðan árið 1979 og þá í kind. Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir sýni sem rannsökuð hafa verið í hundum frá árinu 2016.

Tafla 57. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. *E. granulosus* í hundum


Ár	Fjöldi hunda	Fjöldi staða	Fjöldi jákvæðra sýna	Fjöldi jákvæðra staða
2016	36	-	0	0
2017	44	-	0	0
2018	42	-	0	0

9.2. Echinococcus multilocularis

Bandormurinn *Echinococcus multilocularis* hefur aldrei greinst hér á landi. Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir sýni sem rannsökuð hafa verið í hundum frá árinu 2016.

Tafla 58. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. *E. multilocularis* í hundum

Ár	Fjöldi hunda	Fjöldi staða	Fjöldi jákvæðra sýna	Fjöldi jákvæðra staða
2016	36	-	0	0
2018	42	-	0	0



10. Villtir refir

10.1. Echinococcus granulosus

Sullaveikiormurinn *Echinococcus granulosus* hefur ekki greinst í dýrum hér á landi síðan árið 1979 og þá í kind. Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir sýni sem rannsökuð hafa verið í refum frá árinu 2016.

Tafla 59. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. *E. granulosus* í refum

Ár	Fjöldi refa	Fjöldi staða	Fjöldi jákvæðra sýna	Fjöldi jákvæðra staða
2016	19	-	0	0
2017	40	-	0	0
2018	31	-	0	0

10.2. Echinococcus multilocularis

Bandormurinn *Echinococcus multilocularis* hefur aldrei greinst hér á landi. Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir sýni sem rannsökuð hafa verið í refum frá árinu 2016.

Tafla 60. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. *E. multilocularis* í refum

Ár	Fjöldi refa	Fjöldi staða	Fjöldi jákvæðra sýna	Fjöldi jákvæðra staða
2016	19	-	0	0
2017	40	-	0	0
2018	31	-	0	0



11. Skordýr

11.1. Lúsmý (Culicoides spp)


Ákveðið var að hefja skimun eftir lúsmýi árið 2015. Ástæðan fyrir þörf á vöktuninni er m.a. sú að þessi flugnategund getur borið veirur milli dýra, sem valda alvarlegum sjúkdómum, m.a. blátunguveiru og Schmallerbergveiru.

Tafla 61. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. Culicoides spp

Ár	Fjöldi gildra	Fjöldi tæminga	Fjöldi Culicoides
2015	3	9	0
2016	5	24	3 ^{*1}
2017	2	9	0
2018	3	15	^{*2}

^{*1} Tvær C. grisescens og ein C. riouxi

^{*2} Niðurstöður liggja ekki fyrir



12. Hreindýr

12.1. Hjartarriða (CWD – Chronic Wasting Disease)

Hjartarriða hefur aldrei greinst hér á landi. Reglubundnar sýnatökur hófust í kjölfar greiningar á sjúkdómnum í Noregi. Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir sýni sem rannsökuð hafa verið frá árinu 2016.

Tafla 62. Fjöldi sýna rannsakaður m.t.t. hjartarriðu (CWD)

Ár	Fjöldi sýna	Fjöldi jákvæðra sýna
2016	15	0
2017	54	0
2018	100	0
2019	114	0
2020	33	0
2021	3	0
2022	76	0
2023	51	0
2024	96	0